dagsönn



Eitt verka Jóhannesar Kjarvals á Kjarvalsstöðum.

Af trönum meistarans

Um síðustu helgi voru opnaðar þrjá sýningar á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni sem ber yfirskriftina Af trönum meistarans eru verk frá síðustu áratugum langrar starfsævi Jóhannesar Kjarvals. Á sýningunni er leitast við að gefa innsýn í verk Kjarvals á þessu lokaskeiði í listsköpun hans og endurspegla hversu frjór og skapandi hann var í listinni allt þar til yfir lauk.

Í vestursal eru verk textílkonunnar Britt Smelvær. Þau endurspegla þróun textíllistar á síðari árum og sýna vel á hve margvíslegan hátt og í hve fjölbreytt efni textíllistamenn samtímans vinna.

Sýningar

Þriðja sýningin er á verkum Einars Garibalda. Á sýningu sinni fæst hann við ákveðin tákn menningu okkar og þá stöðu sem tákngervingur íslenskrar myndlistar, Jóhannes S. Kjarval hefur í hugum okkar.

Það er athyglisvert að skoða sýningu Einars Garibalda á sama tíma og sýnd eru mörg af helstu verkum Kjarvals.

Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10–18 og er leiðsögn alla sunnudaga kl. 16.

Leikfélag Akureyrar:

Pétur Gautur

Norska leikskáldið Henrik Ibsen er eitt af höfuðskáldum leikbókmenntanna og verk hans löngu orðin klassísk og leikin um allan heim. Ekki er annað hægt að segja en íslensku leikhúsin sinni Ibsen vel um þessar mundir. Í Þjóðleikhúsinu er sýnt Brúðuheimilið og Leikfélag Akureyrar sýnir eitt þekktasta leikrit Henriks Ibsens, Pétur Gaut. Hafa báðar þessar sýningar fengið góðar viðtökur. Þetta viðamikla leikrit er sýnt í Samkomuhúsinu á Akureyri og er það jólaverkefni Leikfélagsins.



Jakob Þór Einarsson leikur Pétur Gaut.

Pétur Gautur er draumahlutverk allra karlleikara og sá sem fær að spreyta sig á hlutverkinu á Akureyri er Jakob Þór Einarsson, margreyndur leikari sem lengi var fastráðinn hjá Leikfélagi Reykjavíkur og hefur verið liðsmaður í leikhópnum Bandamönnum að undanförnu. Þá má geta þess að um það leyti sem hann var að útskrifast sem leikari lék hann aðalhlutverkið í kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Hrafninn flýgur. Aðrir leikarar eru Þráinn Karlsson, Pálína Jónsdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir, Stefán Sturla Sigurjónsson, Árni Pétur Reynisson, Hákon Waage, Sunna Borg, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, Guðjón Tryggvason, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Eva Signý Berger og Agnar Jón Egilsson.

Leikhús

Leikstjóri er Sveinn Einarsson. Tónlist í verkinu er hin klassíska tónlist Griegs, auk þess sem Guðni Franzson semur tónlist. Leikmynd og lýsingu gerir Kristín Bredal og búningar eru hannaðir af Huldu Kristínu Magnúsdóttur.

Næstu sýningar á Pétri Gaut eru í kvöld og annað kvöld.

Myrkir músíkdagar í Háskólabíói:

Íslensk verk fyrir hljómsveit

Tónleikar verða í Háskólabíói í kvöld á vegum Myrkra músíkdaga. Þar mun Sinfóníuhljómsveit Íslands leika verð eftir fjögur íslensk tónskáld, Mist Þorkelsdóttur, Jón Leifs, Kjartan Ólafsson og Hauk Tómasson. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Jón Leifs – Variazioni pastorali op. 8. Tilbrigði við tema eftir Beethoven. Jón samdi þessi tilbrigði á síðustu árum þriðja áratugarins í Þýskalandi um það leyti sem hann var að semja Orgelkonsert opus 7.

Mist Þorkelsdóttir – Íslensk svíta. Um verkið segir Mist: „Íslensk svíta var skrifuð árið 1994. Þá var ég búsett í Boston, hafði búið þar í 5 ár og sá ekki fyrir endann á þeirri útlegð (árin urðu næstum 10).




Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur íslensk verk í Háskólabíói í kvöld.

Tónleikar

Allan tímann héldum við mjög íslenskt heimili, héldum vel og rækilega upp á íslenskar hefðir og tylli-daga og pössuðum upp á tungumálið hjá börnum okkar, m.a. með því að vera dugleg að lesa íslenskar bækur og syngja íslensk lög. Í þessu umhverfi var svítan mín til, alveg að tilefnislausu, þegar ég hafði tíma til að setjast við eldhúsborðið og hugsa pínulítið heim."

Kjartan Ólafsson – Sonetta. Um verkið segir Kjartan: „Verkið var samið árið 1998. Í því koma ekki fyrir neinar sérstakar melódíur eða stef sem tengja það saman. Ekki er um hljómfræðilega framvindu að ræða og er form verksins í heild frekar sundurlaust. Ekki er notast við neinar ákveðnar tónsmíðaaðferðir. Sonnettan afmarkast einungis af fyrsta, efsta, lægsta og síðasta tóni verksins."

Haukur Tómasson – Storka. Verkið var frumflutt í Varsjá síðastliðið haust af sænsku útvarpshljómsveitinni. Nafnið vísar til þeirrar þróunar sem verður í verkinu. Það hefst á fljótandi ástandi en smám saman nær einfalt og stirt ryþmastef yfirhöndinni. Verkinu lýkur svo með eftirmála sem er nokkurs konar upprifjun.



Veðrið í dag

Minnkandi frost

Um 400 km suður af landinu er víðáttumikil og vaxandi 938 mb. lægð sem hreyfist norðaustur á bóginn.

Vaxandi norðaustanátt er á landinu, hvassviðri eða stormur suðaustanlands og síðar í dag austanlands en hægari annars staðar. Él á norðanverðu landinu, snjókoma suðaustan- og austanlands en skýjað með köflum suðvestan til. Minnkandi frost. Norðan hvassviðri eða stormur og snjókoma norðan- og austanlands í kvöld og nótt.

Á höfuðborgarsvæðinu verður norðaustan kaldi eða stinningskaldi síðdegis. Skýjað með köflum. Hvöss norðanátt í nótt. Vægt frost.

Sólarlag í Reykjavík: 16.19
Sólarupprás á morgun: 10.53
Síðdegisflóð í Reykjavík: 17.27
Árdegisflóð á morgun: 5.50

Veðrið kl. 6 í morgun:


Akureyri	*hálfskýjað*	*–6*
Bergsstaðir	*skýjað*	*–7*
Bolungarvík	*skýjað*	*–1*
Egilsstaðir		*–3*
Kirkjubæjarkl.	*snjókoma*	*–2*
Keflavíkurflv.	*úrkoma í grennd*	*–3*
Raufarhöfn	*skýjað*	*0*
Reykjavík	*úrkoma í grennd*	*–3*
Stórhöfði	*úrkoma í grennd*	*–1*
Bergen	*snjókoma*	*–0*
Helsinki	*snjókoma*	*–3*
Kaupmhöfn	*rigning á síð.kls.*	*2*
Ósló	*alskýjað*	*–11*
Stokkhólmur		*1*
Þórshöfn	*alskýjað*	*3*
Þrándheimur	*léttskýjað*	*–6*
Algarve	*heiðskírt*	*9*
Amsterdam	*skýjað*	*8*
Barcelona	*heiðskírt*	*4*
Berlín		
Chicago	*snjókoma*	*–8*
Dublin	*skýjað*	*9*
Halifax	*skýjað*	*–14*
Frankfurt		
Glasgow	*rigning á síð.kls.*	*9*
Hamborg	*skýjað*	*4*
Jan Mayen	*alskýjað*	*1*
London	*skýjað*	*8*
Lúxemborg	*rigning á síð.kls.*	*3*
Mallorca	*hálfskýjað*	*10*
Montreal	*þoka*	*–16*
Narssarssuaq	*heiðskírt*	*–20*
New York	*þokumóða*	*–4*
Orlando	*skýjað*	*18*
París	*skýjað*	*5*
Róm		
Vín	*léttskýjað*	*2*
Washington	*frostúði*	*–6*
Winnipeg	*þoka*	*–13*

Skafrenningur á heiðum

Fært er um alla helstu þjóðvegi landsins en víðast hvar er hálka og skafrenningur á heiðum. Stórhríð hefur verið á Mývatnsöræfum og þungfært á

Færð á vegum

Möðrudalsöræfum og Breiðdalsheiði. Ófært er á Fjarðarheiði.





Systir Guðjóns og Vilborgar

Myndarlega stúlkan á myndinni, sem fengið hefur nafnið Edil Inga, fæddist á fæðingardeild Landspítalans 15. október síðastliðinn. Við fæðingu var hún 4885 grömm og 54,5 sentímetrar. Foreldrar hennar eru Elísabet Árdís Sigurjónsdóttir og Jón Kristján Sigurðsson. Edil Inga á tvö systkini, Guðjón, fimm ára, og Vilborgu Eddu, eins og hálfs árs.

Barn dagsins



Jack Lemmon og Walter Matthau leika tvo ólíka samferðamenn.

Oscar og Felix

Laugarásbíó sýnir gamanmyndina The Odd Couple II, sem er framhald geysivinsællar kvikmyndar sem gerð var fyrir nákvæmlega þrjátíu árum. Sú kvikmynd var gerð eftir samnefndu leikriti eftir Neil Simon, eitt vinsælasta leikskáld Bandaríkjanna. Jack Lemmon og Walter Matthau eru mættir aftur til leiks í hlutverkum hinna ólíku félaga Felix Ungar og Oscar Madison. Í fyrri myndinni deildu þeir Felix og Oscar saman íbúð í New York en hafa verið aðskildir í langan tíma. Þeir verða þó að sætta sig hvor

Kvikmyndir

við annars samneyti í bíl eftir endilangri Kalifornía þar sem þeir eru á leið í sama brúðkaupið. Það vill nefnilega svo til að sonur Oscars og dóttir Felix hafa fundið ástina hvort í fangi annars og eru að fara að gifta sig. Ferð þeirra félaga í bílaleigubíl gengur ekki eins og til var ætlast og villast þeir oftar en einu sinni og lenda í ýmsum ævintýrum.

Nýjar myndir í kvikmyndahúsum:

Bíóhöllin: Practical Magic
Bíóborgin: Enemy of the State
Háskólabíó: The Prince of Egypt
Háskólabíó: Tímaþjófurinn
Kringlubíó: Star Kid
Laugarásbíó: Odd Couple II
Regnboginn: Rounders
Stjörnubíó: Blóðsugur

Krossgátan

1	2	3	4	5	6	7
8						
9		10				
11	12			13	14	
15				16		
17		18	19		20	
21			22			

Lárétt: 1 skilningarvit, 5 gröm, 8 næstum, 9 starf, 12 fingerð, 14 tvíhljóði, 15 köttur, 16 planta, 17 ofn, 18 veski, 21 bleyta, 22 demba.

Lóðrétt: 1 blaður, 2 viðurkenning, 3 fóðraði, 4 hafna, 5 smákorn, 6 trjónur, 7 ruglingur, 10 flík, 13 áflog, 17 blöskra,19 þröngi, 20 óreiða.

Lausn á síðustu krossgátu:

Lárétt: 1 hvatvís, 8 jór, 9 ráma, 10 álku, 12 gaf, 13 lá, 14 snagi, 16 prettar, 19 auðugu, 21 ósar, 22 átt.

Lóðrétt: 1 hjálpa, 2 vó, 3 arks, 4 truntur, 5 vá, 6 íma, 7 safi, 11 Lárus, 12 gat, 15 gaut, 17 eða, 18 rót, 20 gá.

Gengið

Almennt gengi LÍ 15. 01. 1999 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	68,990	69,350	69,750
Pund	114,580	115,170	116,740
Kan. dollar	44,860	45,140	45,010
Dönsk kr.	10,8520	10,9120	10,9100
Norsk kr	9,2300	9,2800	9,1260
Sænsk kr.	8,7960	8,8440	8,6450
Fi. mark	13,5840	13,6660	13,6540
Fra. franki	12,3130	12,3870	12,3810
Belg. franki	2,0022	2,0143	2,0129
Sviss. franki	50,9500	51,2400	50,7800
Holl. gyllini	36,6500	36,8700	36,8500
Þýskt mark	41,3000	41,5400	41,5000
Ít. líra	0,041710	0,04196	0,041930
Aust. sch.	5,8700	5,9050	5,9020
Port. escudo	0,4029	0,4053	0,4051
Spá. peseti	0,4854	0,4884	0,4880
Jap. yen	0,612500	0,61610	0,600100
Írskt pund	102,560	103,170	102,990
SDR	97,250000	97,84000	97,780000
ECU	80,7700	81,2500	81,5700

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270